

Allsherjarathugun héraðslækna og Krabbameinsfélagsins 2002

Reykingar grunnskólanema minnkuðu um meira en þriðjung á fjórum árum

Innan við 7% nemenda á aldrinum 12-16 ára reykja

Um 6,8% GRUNNSKÓLANEMA á aldrinum 12-16 ára reykja samkvæmt könnun sem héraðslæknar gerðu í fyrravor í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur og með stuðningi Tóbaksvarnanefndar. Þessi tala var 11,4% árið 1998 og hefur því lækkað mikið. Í Reykjavík var hlutfallið 7,7% árið 2002 en hafði verið 32,0% árið 1974.

Könnunin var gerð í apríl 2002, náði til rúmlega tuttugu þúsund nemenda á aldrinum 10-16 ára um land allt og var sambærileg við kannanir sem gerðar hafa verið á fjögurra ára fresti, á landsvísu síðan 1990 og í Reykjavík síðan 1974.

Helstu niðurstöður fyrir landið í heild sýna að nú reykja 7,0% piltar og 6,5% stúlkna í aldurshópnum 12-16 ára miðað við allar reykingar. Ef aðeins er litið á daglegar reykingar lækkar hlutfallið hjá piltum í 5,4% og hjá stúlkum í 3,7%.

Minnst er reykt á Vestfjörðum (3,6%) og frá könnuninni fjórum árum áður hafa reykingar minnkað alls staðar nema á Austurlandi. Af einstökum kaupstöðum koma Seltjarnarnes, Ísafjörður og Vestmannaeyjar best út, þar reykja innan við 2% nemenda á aldrinum 12-16 ára.

Eins og gefur að skilja er meira um reykingar í eldri aldurshópnum heldur en þeim yngri. Innan við 1% tólf ára nemenda reykja en 17% þeirra sem eru sextán ára. Fleiri piltar en stúlkur reykja í flestum aldursflokkum.

Um 51% nemenda á aldrinum 10-16 ára komu frá heimilum þar sem hvorki nemendur né aðrir reyktu. Fjórum árum áður var hlutfallið 48% og enn lægra áður, eins og sjá má af því að árið 1974 var þetta hlutfall 17% í Reykjavík. Könnunin sýnir að ef einhver á heimili reykir eru 50% meiri líkur á að börnin reyki.

Einnig var spurt um munn- og neftóbaksnotkun í könnuninni. Sögðust 1,8% nemenda á aldrinum 10-16 ára nota það oft en 7,4% einstaka sinnum. Svo virðist sem dregið hafi úr munn- og neftóbaksnotkuninni í heild síðustu ár. Þeir sem reykja ekki nota yfirleitt ekki heldur munn- og neftóbak.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur staðið fyrir skipulegri tóbaksfræðslu í grunnskólum síðan 1975. Fyrir fimm árum varð sú breyting að Krabbameinsfélagið og Tóbaksvarnanefnd þýddu og gáfu út norskt námsefni, *Vertu frjálst – reyklaus*, og dreifðu því til allra skóla á landinu. Haldin eru námskeið fyrir

Tafla I. Samanburður á reykingum 12-16 ára grunnskólanema eftir landsvæðum 1974-2002. Kannanir héraðslækna og Krabbameinsfélagsins.

Allar reykingar	1974	1978	1982	1986	1990	1994	1998	2002
Reykjavík	32,0%	23,4%	19,1%	12,6%	10,7%	11,8%	13,1%	7,7%
Vesturland						8,0%	9,6%	4,5%
Vestfirðir						8,3%	7,9%	3,6%
Norðurland vestra						7,6%	10,9%	6,6%
Norðurland eystra						6,6%	8,9%	4,9%
Austurland						5,9%	8,0%	7,3%
Suðurland						12,4%	10,3%	5,9%
Reykjanes						11,5%	12,6%	7,3%
Allt landið						10,3%	11,4%	6,8%

Daglegar reykingar	1974	1978	1982	1986	1990	1994	1998	2002
Reykjavík	22,8%	17,1%	14,6%	9,2%	6,4%	8,2%	8,6%	5,7%
Vesturland					5,2%	5,7%	6,0%	2,8%
Vestfirðir					8,2%	7,2%	5,4%	2,4%
Norðurland vestra					2,9%	5,5%	7,7%	3,9%
Norðurland eystra				6,3%	2,1%	4,4%	5,8%	3,3%
Austurland					6,2%	3,2%	4,6%	4,7%
Suðurland				5,5%	4,2%	7,8%	7,2%	3,3%
Reykjanes				7,8%	6,7%	8,6%	9,4%	4,7%
Allt landið					5,6%	7,2%	7,8%	4,6%

Tafla II. Samanburður á reykingum grunnskólanema á öllu landinu eftir aldri og kynjum 2002. Kannanir héraðslækna og Krabbameinsfélagsins.

Allar reykingar	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára
Piltar	1,0%	0,6%	1,5%	3,1%	6,8%	13,2%	16,5%
Stúlkur	0,2%	0,1%	0,4%	2,1%	6,4%	12,7%	17,5%
Alls	0,6%	0,3%	0,9%	2,6%	6,6%	12,9%	17,0%
Daglegar reykingar	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára
Piltar	0,5%	0,2%	1,1%	2,3%	4,9%	10,2%	13,3%
Stúlkur	0,0%	0,1%	0,1%	0,7%	2,9%	7,8%	11,5%
Alls	0,2%	0,1%	0,6%	1,6%	4,0%	9,1%	12,4%

kennara til að leiðbeina um notkun námsefnisins og undanfarin ár hefur verið kannað hvort skólarnir nota það eða ekki. Hefur komið í ljós að meira en sjö af hverjum tíu nemendum fá kennslu sem byggist á þessu fræðsluefni. Norskar rannsóknir sýna að í þeim skólum þar sem stuðst er við þetta námsefni eru reykingar nemenda helmingi fátíðari heldur en þar sem námsefnið er ekki notað.

(Frétt frá Krabbameinsfélaginu)